

Pingskjal 1

Íþróttabandalag Reykjavíkur

Fjárhagsáætlun

	Áætlun 2011	Raun 2011	Áætlun 2012	Raun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Tekjur: (í þús.kr.)						
Þjónustusamn. Félaga	624.700	515.796	624.700	536.478	592.000	619.000
Egilshöll.Lhöll ofl.	788.200	795.946	788.200	813.147	813.000	813.000
Borgarmannvirki	236.700	242.688	236.700	257.177	260.000	260.000
Verkefnatengdir styrkir		20.000		23.500	29.500	29.500
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	6.200	7.958	6.200	7.664	7.500	7.500
Lottótekjur	49.000	63.619	49.000	61.955	60.000	60.000
Skattar félaganna	5.000	4.808	5.000	5.030	5.000	5.000
Útleiga skólasala	32.000	24.540	32.000	33.579	32.000	32.000
Íslenskar getraunir	8.400	9.523	8.400	8.810	8.500	8.500
Þjónustugjöld	3.700	3.700	3.700	3.700	3.700	3.700
Vaxtatekjur	2.000	3.282	2.000	1.661	1.500	1.500
Aðrar tekjur	2.500	3.940	2.500	4.039	4.000	4.000
Tekjur alls:	1.758.400	1.695.800	1.758.400	1.756.740	1.816.700	1.843.700
Gjöld: (í þús.kr.)						
Styrkir og framlög	1.684.600	1.628.145	1.684.600	1.684.748	1.737.600	1.764.800
Rekstur skrifstofu ÍBR	45.500	41.170	45.500	41.725	46.500	46.500
Önnur íþróttaleg starfsemi	20.700	24.225	21.200	26.097	27.000	27.000
Vextir og fjmsk.	650	686	650	292	300	300
Afskriftir	2.200	1.751	2.200	1.598	2.300	2.100
Hagnaður (tap)	4.750	-177	4.250	2.280	3.000	3.000
Gjöld alls:	1.758.400	1.695.800	1.758.400	1.756.740	1.816.700	1.843.700

Framkvæmdasjóður ÍBR

Fjárhagsáætlun

	Áætlun 2011	Reikn. 2011	Áætlun 2012	Reikn. 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Tekjur: (í þús.kr.)						
Húsaleigutekjur	10.000	21.396	13.000	13.069	13.000	14.000
Byggingastyrkur	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000
Vextir og verðbætur	300	1.467	500	1.188	1.000	1.500
Rekstrartap						
Tekjur alls:	14.300	26.863	17.500	18.257	18.000	19.500
Gjöld: (í þús.kr.)						
Viðhald fasteignar	2.000	16.114	2.000	6.906	5.000	5.000
Fasteignagjöld	900	1.266	1.000	1.327	1.300	1.400
Rekstur sameignar	1.200	1.310	1.500	1.633	1.700	1.700
Rafmagn og hiti	400	626	500	665	700	750
Tryggingar	800	1.028	900	1.008	1.050	1.100
Skrifstofukostnaður	900	1.200	900	1.200	1.200	1.200
Fjármagnstekjusk.	60	293	100	138	200	300
Rekstrarhagnaður	8.040	5.026	10.600	5.380	6.850	8.050
Gjöld alls:	14.300	26.863	17.500	18.257	18.000	19.500

Þingskjal 2

Skattar aðildarfélaga til ÍBR **Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að skattur aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins verði 100 krónur á hvern félag, 18 ára og eldri.

Greinargerð:

Um er að ræða óbreytt gjald frá því sem samþykkt var á síðasta þingi ÍBR.

Þingskjal 3

Tillaga um breytingu á lögum ÍBR

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:

5. grein

Hafi félagið Ef félag hefur á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deildar skal tilkynna til framkvæmdastjórnar ÍBR og viðkomandi sérsambands. Aðalstjórn félags fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda og ber ábyrgð á starfi og fjárhag félagsins í heild.

10. grein

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 7. gr., missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR og missir einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á Íþróttþing.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um, að félaginu ~~hvert félaginu~~ skuli vikið úr bandalaginu. Ákveði þing að víkja félagi úr bandalaginu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

17. grein

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukaping verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBR heimild til að boða til aukapings. Um seturétt á aukapingi fer skv. 11. grein en allir boðunarfrestir og skilafrestir skulu vera helmingi styttri en þegar um hefðbundið þing er að ræða.

Tilhögun aukapings skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
3. Kosnir þingforsetar og þingritarar.
4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukapingsins og tilkynnt voru með þingboðinu.
5. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir, sbr. 12. gr.
6. Þingslit.

Þingskjal 4

Tillaga um fulltrúafjölda á þingi ÍBR

Flutningsaðili: Millipinganefnd

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að breyta lögum ÍBR varðandi þing ÍBR með eftirfarandi hætti:

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á bandalagsþing og skal hafa atkvæðisrétt miðað ~~Skal tala fulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs. Þannig að félag með:~~ Hver þingfulltrúi skal hafa tvö atkvæði eftir því sem mögulegt er samkvæmt eftirfarandi:

SKIPTINGU BREYTT!

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	atkvæði og 1 fulltrúa
201	-	400	"	"	2	atkvæði og 1 fulltrúa
401	-	600	"	"	3	atkvæði og 2 fulltrúa
601	-	800	"	"	4	atkvæði og 2 fulltrúa
801	-	1000	"	"	5	atkvæði og 3 fulltrúa
1001	-	1200	"	"	6	atkvæði og 3 fulltrúa
1201	-	1400	"	"	7	atkvæði og 4 fulltrúa
1401	-	1600	"	"	8	atkvæði og 4 fulltrúa
1601	-	og yfir	"	"	9	atkvæði og 5 fulltrúa

VAR ÁÐUR!

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	fulltrúa
201	-	400	"	"	2	fulltrúa
401	-	600	"	"	3	fulltrúa
601	-	800	"	"	4	fulltrúa
801	-	1000	"	"	5	fulltrúa
1001	-	1200	"	"	6	fulltrúa
1201	-	1400	"	"	7	fulltrúa
1401	-	1600	"	"	8	fulltrúa
1601	-	og yfir	"	"	9	fulltrúa

Hver þingfulltrúi má aðeins fara með atkvæði fyrir eitt félag.

13. grein

Á þingi ÍBR eiga sæti með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétti fulltrúar þeir, sem aðildarfélög ÍBR hafa kjörið til þings skv. 12. gr. sbr. þó 10. gr., svo og einn fulltrúi frá hverju sérráði á bandalagssvæðinu sbr. þó 20.gr. ~~Engum fulltrúa er heimilt að fara með fleiri en eitt atkvæði.~~ Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, fulltrúi ráðuneytis íþróttamála og fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Fulltrúar á þingi ÍBR 2011 eru 234 frá tæplega 70 félögum. Með áframhaldandi fjölgun félaga og félagsmanna innan aðildarfélaga ÍBR má gera ráð fyrir að fulltrúafjöldi aukist enn frekar á næstu árum. Til samanburðar eru fulltrúar á Íþróttþingi 188. Mæting á þing hefur reyndar verið dræm en á síðasta þingi mættu 107 fulltrúar af um 234 frá 30 aðilum.

**Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR
fyrir starfsárin 2013 og 2014.
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2013 og 2014:

Á starfstímabilinu verður leitast við að vinna áfram að því að tryggja fjármagn og aðstöðu til reksturs íþróttafélaganna í samræmi við samstarfssamninga við Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að festa í sessi starf félaganna með auknum styrkjum til þess mikilvæga starfs sem þau vinna. Lögð verður áhersla á að tryggja fé til viðhaldsverkefna hjá félögum sem eiga og reka sín eigin mannvirki.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður haldið áfram að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi styrki til íþróttastarfs sem og að kanna ánægju og líðan barna og unglinga sem taka þátt í íþróttastarfi.

Í samræmi við samstarfssamning við Reykjavíkurborg verði unnið að því að fjölga Fyrirmyndarfélögum og deildum í Reykjavík. Jafnframt verði lagður grunnur að kennsluskrám fyrir sem flestar íþróttagreinir sem félögin geta nýtt til að gera að sínum eigin. Meira af efni sem félögin geta nýtt sameiginlega verður tekið saman svo sem vegna tryggingamála, skipulags, reksturs o.fl.

Til að auka þátttöku nýbúa í íþróttastarfi er stefnt að því að koma á samstarfi við félög og milli félaga um sérstök átaksverkefni. Einnig verði horft til samstarfs með íþróttafélögum og öðrum aðilum, s.s. félagsmiðstöðvum til að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku.

Áfram verði unnið að framkvæmd Ánægjuvogarinnar með íþróttafélögunum. Í tengslum við það verkefni verði sérstaklega skoðað hver staða ungmenna innan íþróttafélaganna í Reykjavík er gagnvart fíkniefnanotkun og hvernig best sé að sporna við neyslu þeirra.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Stefnt er að opnun afreksíþróttamiðstöðvar í húsi ÍBR sumarið 2013 þar sem boðið verður upp á markvissa og faglega þjónustu fyrir íþróttafélög, lið og hópa. Áfram verður þrýst á framhaldsskóla um að auðvelda afreksfólki að stunda þjálfun og keppni samhliða námi. Leitast verður við að aðstoða eftir megni íþróttafólk í fremstu röð til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikum eða stærstu mótum í viðkomandi íþróttagreinum.

Vaxandi áhugi er meðal íþróttafélaga á því að bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í sínum mannvirkjum og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum.

ÍBR mun sjá um framkvæmd Reykjavíkumaraþons, Laugavegshlaups, Miðnæturhlaups og koma að framkvæmd Reykjavík International Games með íþróttafélagunum.

ÍBR mun vinna eftir nýgerðri stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík til ársins 2020 í samstarfi við aðildarfélögin og Reykjavíkurborg.

Unnið verður að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

Þingskjal 6

Tillaga um brottvikningu félaga úr ÍBR **Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að víkja Dansípróttafélaginu Ýr, Knattspyrnufélaginu Árvakri, Markaregn, Róðrafélaginu Stafninum og Kylfunni, Krikketklúbbi Reykjavíkur úr bandalaginu.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Þessi félög hafa ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

Umsókn um aðild að UMFÍ

Flutningsaðilar: Snorri Þorvaldsson og Sigfús Ægir Árnason

46. þing ÍBR, haldið 21.-22. mars 2013, samþykkir að endurnýja umsókn bandalagsins um aðild að Ungmennafélagi Íslands. Samþykki UMFÍ ekki inngöngu ÍBR innan eins árs eða setur málið í jákvæðan farveg, felur þingið stjórn ÍBR að vinna að stofnun sambands íþróttabandalaga.

Þingskjal 8

Áskorun vegna frístundaaksturs Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

**46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, skorar á Reykjavíkurborg að
að auka styrki til frístundaaksturs á vegum íþróttafélaganna.**

Greinargerð:

Ljóst er að frístundakstur hverfafélaganna eykur möguleika á að nýta betur íþróttamannvirkin þar sem mögulegt er að hafa æfingar fyrir börn fyrr á daginn en ella. Kostnaður við að halda þessum akstri úti er talsverður og hefur reynst félögunum þungur í rekstri.

Þingskjal 9

Áskorun vegna kynningar íþróttastarfs í skólum Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

46. þing ÍBR, haldið 21.-22. mars 2013, skorar á Reykjavíkurborg að heimila íþróttafélögum að kynna starfsemi sína í skólum borgarinnar á skólatíma.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hefur íþróttahreyfingin átt greiða leið inn í skóla borgarinnar til að kynna nemendum það starf sem þau hafa upp á að bjóða fyrir börn og unglunga. Að undanfögnu hefur félögunum verið meinað að kynna starf sitt í skólum þrátt fyrir að í nýgerðum samningi borgarinnar, íþróttafélaganna og ÍBR sé ákvæði um samstarf skóla og íþróttafélaga.

Þingskjal 10

Áskorun vegna þjóðarleikvanga Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

46. þing ÍBR, haldið 21.-22. mars 2013, skorar á ríkisvaldið að fjölga viðurkenndum þjóðarleikvöngum og styrkja rekstur þeirra.

Greinargerð:

Í Reykjavík er að finna mannvirki sem flestir líta á sem þjóðarleikvanga. Dæmi um það eru Laugardalslaug, Laugardalshöll og Skautahöllin þar sem fram fara stórir alþjóðlegir íþróttaviðburðir sem og stórmót og leikir á innlendum vettvangi. Þetta mótahald er nær eingöngu á vegum sérsambanda, sem eru landssamtök, og því eðlilegt að kostnaður sem af því hlýst sé styrktur af ríki í stað þess að lenda eingöngu á Reykjavíkurborg.

Þingskjal 11

Tillaga um framsetningu ársreikninga Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að fela stjórn ÍBR að vinna að því að koma á sameiginlegri framsetningu ársreikninga aðildarfélaganna ÍBR.

Greinargerð:

Við gerð rekstrarúttektar á íþróttfélögunum sem unnin var s.l. haust kom fram að framsetning ársreikninga þeirra væri nokkuð ólík. Til að bera saman stöðu félaganna með einföldum hætti væri æskilegt að setja þá fram á líkan máta, þó með tilliti til stærðar.

Hugsanlega má setja á laggirnar nefnd sem hefði það hlutverk að koma þessari umgjörð á og vera leiðbeinandi aðili fyrir félögin á meðan að unnið er að innleiðingu.

Þingskjal 12

Tillaga um sérráð **Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR**

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að fela stjórn ÍBR að gera úttekt á starfi sérráða og leggja mat á framtíð þeirra.

Greinargerð:

Staða sérráða í Reykjavík er mismunandi, sum eru mjög virk og önnur síður. Breytingar á lögum ÍSÍ varðandi sérráð voru gerðar á síðasta Íþróttþingi. Þær breytingar gefa tilefni til að skoða hver er framtíð sérráðanna, hvernig viljum við hafa starf þeirra og skipulag?

Þingskjal 13

Breyting á reglugerð um Íþróttamann Reykjavíkur

Flutningsaðilar: Íþróttafélag Reykjavíkur og
Knattspyrnufélag Reykjavíkur

46. þing ÍBR, haldið 21. og 22. mars 2013, samþykkir að breyta núverandi reglugerð um val á Íþróttamanni Reykjavíkur, þannig að kjörin verði íþróttakarli, íþróttakona, lið karla og lið kvenna Reykjavíkur ár hvert.

Ný reglugerð yrði svona :

Reglugerð um **viðurkenningar fyrir góðan árangur íþróttafólks:**

1. **Íþróttakarli Reykjavíkur, íþróttakona Reykjavíkur, kapplið karla Reykjavíkur og kapplið kvenna Reykjavíkur** eru kjörin ár hvert af framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur.
2. **Íþróttakarli og íþróttakona** Reykjavíkur skulu vera íslenskir ríkisborgarar og hafa verið félagar í reykvísku íþróttafélagi allt undanliðið ár.
3. Íþróttafélögin í Reykjavík geta komið með ábendingar um einstaklinga **og lið** sem til greina gætu komið og skal fylgja skrá yfir afrek þeirra.
4. Borgarstjórinn í Reykjavík afhendir farandbikar sem **íþróttakarli og íþróttakona** Reykjavíkur varðveita í eitt ár. **Íþróttakarli og íþróttakona** Reykjavíkur fá einnig afhentan eignarbikar sem er gjöf ÍBR. **Lið ársins skulu fá samsvarandi bikara, farandbikar og eignabikar.**
5. **Auk þess skal framkvæmdastjórn velja 10 íþróttamenn sem hljóta viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu.**
6. Afhending verðlaunanna fer fram við hátíðlega athöfn ekki seinna en í byrjun febrúar ár hvert.
7. Reglugerð þessi er sett samkvæmt samþykkt 46. ársþings ÍBR, 22. mars 2013

Greinargerð:

Með þessari breytingu að velja íþróttakarli og íþróttakonu Reykjavíkur er ÍBR að færa framkvæmd þessa kjörs að hliðstæðum reglum og viðmiðunum sem íþróttafélög í Reykjavík eru almennt að taka upp.

Með því að velja lið ársins, karla og kvenna, er ÍBR að viðurkenna fleiri fyrirmyndir fyrir ungt og uppnennandi íþróttafólk.

Núgildandi reglugerð :

1. Íþróttamaður Reykjavíkur er kjörinn ár hvert af framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur.
2. Íþróttamaður Reykjavíkur skal vera íslenskur ríkisborgari og hafa verið félagi í reykvísku íþróttafélagi allt undanliðið ár.
3. Íþróttafélögin í Reykjavík geta komið með ábendingar um einstaklinga sem til greina gætu komið og skal fylgja skrá yfir afrek þeirra.
4. Borgarstjórinn í Reykjavík gefur farandbikar sem Íþróttamaður Reykjavíkur geymir í eitt ár. Íþróttamaður Reykjavíkur fær einnig afhentan eignarbikar sem er gjöf ÍBR.
5. Afhending verðlaunanna fer fram við hátíðlega athöfn ekki seinna en í byrjun febrúar ár hvert.
6. Reglugerð þessi er sett samkvæmt samþykkt framkvæmdastjórnar ÍBR þann 19. desember árið 2000.

Þingskjal 14

Tillaga um orkumál Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR

46. þing ÍBR, haldið 21.-22.mars 2013, samþykkir að fela stjórn ÍBR að kanna hvort hægt sé að gera sameiginleg innkaup á orku og vatni fyrir öll félögin í borginni og ná þannig hagstæðari kjörum.

Greinargerð:

Orkuverð hefur hækkað mjög undanfarin ár. Þessi kostnaðarliður í rekstri mannvirkja íþróttafélaganna skiptir talsverðu máli og því rétt að kanna hvort að hægt sé að ná hagstæðari kjörum með því t.d. að heildin kaupi orku saman sem einn orkukaupandi.